

talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, setts málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlímánaðar.

Nr. 10/1897:

Jón Valdason

gegn

Jóni Hjörleifssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu 14. nóv. f. á. var áfrýjandinn Jón bóndi Valdason á Steinum dæmdur samkvæmt 218. sbr. 217. gr. alm. hegningarlaga í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi, fyrir meiðyrði um stefnda Jón hreppstjóra Hjörleifsson á Eystri-Skógum. Svo voru og hin ærumeiðandi orð með dóminum dæmd dauð og ómerk og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. febr. þ. á., og hefur hann krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærurum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur í hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins. Hinna stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og

áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda málskostnað eptir mati rjettarins.

Hin umstefndu meidyrði eru í því fólgin, að áfrýjandi að afloknu manntalsþingi í Steinahelli 22. maí f. á. hafði þau orð um stefnda í áheyrn þingheims, að hann hefði »skjalrænt sig«, og átti hann þá við það atvik, að stefndi neitaði að afhenda honum aptur skjal nokkurt eða skjöl, er hann hafði sent hreppsnefndinni og þar sem hann kærði yfir því til nefndarinnar, að honum hefði verið ranglega hrundið af kjörskrá, en stefndi, sem var hreppsnefndaroddviti, áleit ekki, að áfrýjandi ætti heimting á að fá skjölin aptur, heldur ættu þau að geymast með öðrum hrepps-skjölum.

Þó nú áfrýjandinn, eins og hann hefur kannazt við, hafi sagt við stefnda í áheyrn margra manna, að hann hafi »skjalrænt« sig, verður eptir öllum atvikum, sem að lúta, eigi lagt frekara í þetta orð, en að áfrýjandi hafi með því borið stefnda á brýn, að hann haldi ranglega fyrir sjer skjali, sem áfrýjandi þóttist hafa rjett til að fá afhent. En í þessu felst engin saknæm aðdróttun eða móðgun og verður því að sýkna áfrýjanda í málinu og eigi er heldur ástæða til að dæma ómerk hin átöldu orð. Eptir málavöxtum þykir rjett, að kostnaður sakarinnar fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Afrýjandi Jón Valdason skal vera sýkn

fyrir kærum og kröfum stefnda Jóns Hjörleifssonar í máli þessu.* Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 26. dag júlímánaðar.

Nr. 19/1897:

Valdimar Asmundarson

gegn

Þorvaldi Björnssyni.

D ó m u r :

Í 50. tölublaði af XIII. árgangi Fjallkonunnar, sem kom út 16. desember f. á., stóð fremst í blaðinu með stóru, breyttu letri svo hljóðandi grein eða auglýsing: »Þorvaldur pólití! Með því að Þorvaldur lögregluþjónn hefur höfðað mál gegn mjer út af sanngjarnri grein í 47. tölublaði Fjallkonunnar, bið jeg alla þá, sem kynnt hafa þessum velnefnda dánumanni, að gefa mjer munnleg eða skrifleg vottorð um það, hvaða álit þeir hafi á honum sem lögregluþjóni eptir þeirri þekkingu, sem þeir hafa á skapsmunum hans og annari háttsemi. Þar að auki fýsir mig að vita um, hversu áreiðanlegur maður hann er í viðskiptum m. fl., og fróðlegt væri að frjetta um öll hans eldri brek og munid þið þá eptir *kerlingunni*. Valdimar Ásmundarson«. Nær því samhljóða auglýsing stóð í næsta, 51. tölublaði Fjallkonunnar á öptustu blaðsíðu hennar, en með stærra letri en aðrar auglýsingar. Í þessari auglýsingu í síðara blaðinu er að eins bætt inn orðunum: »og yngri«